

Skotfélag Reykjavíkur er 150 ára í dag, 2. júní.

Eins og margoft hefur komið fram, er Skotfélag Reykjavíkur elsta íþróttafélag Íslands.

Félagið var stofnað 1867 og starfsemi félagsins hófst við Skothúsveg sama ár, við Tjörnina í Reykjavík.

Skothúsvegur er nefndur eftir skothúsi félagsmanna, sem var staðsett u.þ.b. þar sem nú er Tjarnargata 35.

Haldið verður uppá tímamótin í sumar með ýmsum uppákomum, s.s. Reykjavík Open í Skeet (ÓL-keppningrein með haglabyssu), ýmsum kynningum á starfi félagsins osfv.

Hér að neðan er stutt kynning af sögu félagsins frá stofnun þess 1867 til dagsins í dag.



Til hamingju með daginn, félagsmenn og velunnarar félagsins...

Sjá nánar [sögu félagsins](#) .